



Reykjavík, 2. júlí 2020  
R20060259  
6631  
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Bólstaðarhlíð 20 - breyting á deiliskipulagi***

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. júlí 2020, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð.

Borgarráð staðfesti synjun skipulags- og samgönguráðs.  
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Loksins hefur borgari sigur yfir freklegum yfirgangi óleyfisframkvæmdar. Mikið hefur gengið á í sambandi við þennan battavöll frá upphafi og mikið áreiti við nágrannana hefur átt sér stað. Mikil barátta nágrannana hefur nú skilað sér, enda með unnið mál í höndunum allan tímann. Baráttan tók samt mörg ár og það var fyrst á seinni stigum málsins að viðurkennt var að um óleyfisframkvæmd væri að ræða. Það er mjög ánægjulegt að breytingu á deiliskipulagi sé hafnað. Enda væri það mjög slæmt fordæmi að hægt væri að framkvæma og fá svo breytingu á skipulagi þegar allt er um garð gengið. Reykjavíkurborg er hvött til þess að sjá til þess að þessi battavöllur verði fjarlægður strax til að íbúar losni undan þeirri áþján sem hann hefur haft í för með sér.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóla, vegna battavallar. Svona völlum er sannarlega mikilvægur og börnum til gleði en hann má ekki vera þar sem hann veldur öðrum ólíðandi ama og truflar heimilislíf eins og lýst er í þessu máli. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að hlusta á á raddir fólks í þessu máli og ganga í það að lagfæra og minnka umfang battavallarins eða finna aðrar lausnir sem eru ásættanlegri fyrir alla aðila, fullorðna sem börnin. Framkvæmdin var gerð í óleyfi eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins

skilst þar sem ekki lá fyrir heimild frá skipulagsfirvöldum. Völlurinn er á vegum skólans en ábyrgðin engu að síður nokkuð óljós.



Helga Björk Laxdal  
e.u.